



Framkvæmda- fréttir 10. tbl. /06



Þetta skip fór í sína síðustu siglingu sem Breiðafjarðarferjan Baldur föstudaginn 31. mars. Stærri skip mun nú taka við þessu hlutverki. Myndin er tekin á Brjánslæk.

Auglýsingar útboða

Efnisvinnsla

á Norðaustursvæði 2006 06-008

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í vinnslu steinefna í burðarlag, klæðingu og malarslitlag á Norðaustursvæði, árið 2006.

Helstu magnþölur eru:

Burðarlagsefni	8.000 m ³
Klæðingarefni	17.000 m ³
Malarslitlag	19.000 m ³

Verki skal að fullu lokið 15. september 2006.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Búðareyri 11-13 á Reyðarfirði, Miðhúsavegi 1 á Akureyri og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánuðeginum 3. apríl 2006. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 18. apríl 2006 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Hvanneyrarvegur (511), hringtorg 06-013

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í gerð hringtorgs á Hvanneyri á mótum Hvanneyrarvegur, Túngötu og Skólabrautar.

Helstu magnþölur eru:

Fylling og fláafleygar	1.600 m ³
Burðarlag	2.500 m ³
Malbik	1.900 m ²
Kantsteinn	190 m
Hellulögn	240 m ²
Rafstrengir og ídráttarrör	220 m
Ljósastaurar	8 stk.

Verki skal að fullu lokið 1. september 2006.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Dagverðardal á Ísafirði, Borgarbraut 66 í Borgarnesi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánuðeginum 3. apríl 2006. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 25. apríl 2006 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 10. tbl. 14. árg. nr. 431 3. apríl 2006

Ritstjórn
og umsjón útgáfu:
**Viktor Arnar
Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Gutenberg

Ósk um áskrift sendist til:
Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
(bréfsími 522 1109)
eða vai@vegag.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðs-
framkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt,
útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og
samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem
verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka.
Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar.
Áskrift er endurgjaldslaus.

Úthlutun úr rannsóknasjóði Vegagerðarinnar 2006

Nú er lokið úthlutun úr rannsóknasjóði Vegagerðarinnar, fyrir árið 2006. Alls bárust umsóknir um styrki til 148 verkefna og var heildarupphæð umsókna um 228 milljón krónur. Sjóðurinn hafði hins vegar 114 milljónir til ráðstöfunar. Veittur var styrkur til 92ja verkefna, en heiti þeirra koma fram á meðfylgjandi lista. Fljótlega verður hægt að skoða nánari upplýsingar um verkefnið sem fengu styrk á heimasíðu Vegagerðarinnar (www.vegagerdin.is) undir Rannsóknir og þróun / Rannsóknaverkefni.

Áhrif 37. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999 á framkvæmdir

Áhrif aðvörunarljósa við einbreiðar brýr á umferðaröryggi

Áhrif salts á þreytuþol malbiks

Áhrif veðurfarsbreytinga á rekstur vega

Áhrif vetrarþjónustu á umferðaröryggi

Áhrifasvið höfuðborgarsvæðisins og helstu þéttbýlisstaða
3. áfangi

Aldraðir í umferðinni

Athugun á strandrofi og strandvörnum á Breiðamerkursandi

Bikþeyta til klæðinga

Binding yfirborðsmerkinga á steypu

Blek til nota á skiltum

Búnaður til mælinga á hita og vatnsborði í Skaftárkötlum

CENNORD ráðstefna 2006

Endurfylling í vegskurði

Endurheimt votlendis

Erlent rannsóknarsamstarf

EroRAP öryggisskoðun vega

Evrópustaðlar, þátttaka í CEN/TC 154 og TC 227

Falllódsmælingar Rosy og PCN-gildi

Ferilvöktun

Ferlun (GPS-væðing) yfirborðsmerkingar

Festun með biki og sementi

Flutningur á rannsóknaniðurstöðum í Rannsóknakerfi

Framkvæmdaferli Vegagerðarinnar

Gerð leiðbeininga um hönnun 2+1 vega

Grímsvatnahlaup: vatnsgeymir, upphaf og rennsli

Göngubrú yfir Hringbraut - Sveiflumælingar

Hagnýting hrýfímælinga með leysitækni

Hagnýtir eiginleikar íslenskra jarðefna - leiðbeinandi gildi fyrir hönnuði

Hlutfallslegt mat á tapi búsvæða fyrir göngufíska vegna ræsa og brúargerðar

Hönnun hljóðvarna í þéttbýli: viðhorf til sjónrænnar upplifunar

International Symposium on Earth and Planetary
Ice-Volcano Interactions

Jöklaetur á Höfn

Kápusteypu í Borgarfjarðarbrú - skynjarar - ending
steinsteypu

Katla: Könnun á kostnaði við landsamgöngur í kjölfarið á
umbrotum

Klæðing með repjubiki (Raps Asphalt)

Kvörðun frostdýptarmæla út frá falllódsmælingum á vegum

Lagfæring ræsa og endurheimt búsvæða göngufíska

Landris í nágrenni Vatnajökuls

Lárétt stífni jarðvegsstaura

Leiðbeiningarit um gerð umhverfissvænna þveranna á íslensk
vatnsföll

Ljósastýringartölva - stýriaðferðir

Lækkun hita við framleiðslu malbiks

Mat á CPT eiginleikum í mýri

Mat á þjöppun fyllinga og burðarlaga - samanburður á
smáfalllóði og öðrum aðferðum

NORD 2000

NordFoU - Niðurbrot vega

Notkun á lengdarflokun umferðargreina til að áætla hlutfall
þungra bifreiða af heilarumferð

Notkun lífrænna úrgangsefna við uppgræðslu námasvæða

Nýting svarðlags við uppgræðslu námusvæða



Frá ráðstefnu þróunarsviðs Vegagerðarinnar um rannsóknir á Hótel Nordica 11. nóvember 2005.

Nýtt umferðarlíkan höfuðborgarsvæðisins - Framhald Óhappa- og slysatíðni eftir gerð vegar
 Oracle Spatial hjá Vegagerðinni
 Prófanir á Swarco yfirborðsefnum og perlum
 Raki og burður vegna
 Rannsóknir á flóðum íslenskra vatnsfalla
 Rannveg
 Rekstur jarðskjálfta- og hröðunarmæla í brú
 Rekstur vatnshæðarmæla
 Roadex III, umferðalítilir vegir á norðurslóðum
 Saltblöndun malarslitlags
 Samantekt RANNUM verkefna
 Samanburður slitlagsefni Vestfjörðum
 Sjálfvirk greining á akstursvegalengd og akstursleiðum vinnutækja
 Slitlagsviðgerðartæki prófun
 Smáfalllód við eftirlit
 Snjósofnun undir vegriðum, aðferðir við hreinsun
 Steinefnabanki, viðhald og endurnýjun
 Steinsteypunefnd
 Umferðarslys á vegum með malarslitlagi
 Umferðarslys og vindafar
 Umferðarspá (tímaraðagreining)
 Umferðarstjórnun - Mobility Management
 Umferðaröryggi á mismörgum vegamótum
 Uppfærsla umferðartalna á höfuðborgarsvæðinu
 Uppgræðsla vegfláa með innlendum úthagategundum, 2001-2007. Framhaldsumsókn
 Vatn í vegum
 Vegur í fóstur - undirbúniningur
 Vegyfirborð við ristahlíð
 Verklagsreglur og áhættuviðmið vegna snjóflóða á þjóðvegum
 Vettvangsskráning

Auglýsingar útboða

Niðurrekstrarstaurar 06-045 á Norðvestursvæði árið 2006

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í framleiðslu niðurrekstrarstaura undir brýr á Selá og Hrutafjarðará í Hrutafirði og á brú á Gönguskarðsá á Þverárfjallsvegi í Skagafirði. Flutningur stauranna á verkstað skal vera innfalinn.

Helstu magntölur og afhendingartímar eru:

Heildarlengd niðurrekstrarstaura 1931 m
 Flutningur 352 tonn

Brú	Fjöldi staura	Lengd	Afhendingartími
Selá	27 stk.	10 til 12 m	15. júní
Hrutafjarðará	116 stk.	11 til 12 m	1. sept.
Gönguskarðsá	40 stk.	7 til 9 m	15. júlí

Lokið skal við að afhenda alla staurana 1. september 2006.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Dagverðardal á Ísafirði og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 3. apríl 2006. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 25. apríl 2006 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Viðtalskönnun á þjóðvegi 1 austan Akureyrar
 Vinnsla malarslitlaga
 Vistferilsgreining fyrir veg með bundnu slitlagi
 Votlendi og vegagerð
 Water drainage beneath Skeiðarárjökull and its effects on ice-surface velocity
 Yfirborðsmerkingar, innlend vatnsmálning
 Próun á HRAS-veðurspákerfinu með áherslu á samgöngur
 Próun námukerfis - námufrágangur
 Próun og varmaástand fjallsins í Gjalp eftir gosið 1996
 Próun umferðarhraða á þjóðvegum landsins
 Þyngdarpunktalíkan fyrir Vegagerðina

Niðurstöður útboða

Skálavegur (246), Hringvegur - Núpar 06-038

Tilboð opnuð 30. mars 2006. Nýbygging Skálavegar frá Hringvegi að Núpum. Um er að ræða nýbyggingu 1,2 km langs vegar.

Helstu magntölur eru:

Burðarlag	12.000 m ³
Ræsi	78 m
Girðingar	2.400 m
Malarslitlag	500 m ³

Verkinu skal að fullu lokið 15. júní 2006.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
5	Erlendur Guðmundsson, Hvolsvelli	9.810.500	107,8	2.022
---	Áætlaður verk-takakostnaður	9.100.000	100,0	1.311
4	Eining sf., Hvolsvelli	8.942.000	98,3	1.153
3	Heflun ehf., Ásahreppi, Hellu	8.654.000	95,1	865
2	Mjöllnir vörubílstjórafélag, Selfossi	8.527.000	93,7	738
1	Framrás ehf., Vík	7.789.000	85,6	0

Héðinsfjarðargöng, eftirlit, fyrri opnun 05-072


Tilboð opnuð 30. mars 2006. Eftirlit með gerð Héðinsfjarðarganga milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar.

Jarðgöngin eru um 3,7 km löng milli Siglufjarðar og Héðinsfjarðar og um 6,9 km löng milli Ólafsfjarðar og Héðinsfjarðar. Breidd ganganna er 8,6 m. Heildarlengd vegskála er um 450 m. Verkið nær ennfremur til lagningar um 2 km langs vegar í Siglufirði, um 0,6 km vegkafla í Héðinsfirði og samtals um 0,6 km langs vegar í Ólafsfirði yfir brú á Ólafsfjarðarósi ásamt tengingum við gatnakerfi Ólafsfjarðar. Einnig er innifalinn breikkun á 0,7 km vegarkafli í Siglufirði og gerð tenginga í Siglufirði, Héðinsfirði og Ólafsfirði. Byggja á 14 m langa brú yfir Héðinsfjarðará. Val bjóðanda fer fram á grundvelli hæfnismats og verðs og bar bjóðanda að leggja fram tilboð sitt í tveimur hlutum, þ.e. upplýsingar um hæfni bjóðanda og verðtilboð.

Bjóðandi

GeoTek ehf., Reykjavík

Vegakerfið 2006



0 10 20 30 40 50 km

Mælikvarði 1 : 1 300 000